

Ár 2006, þriðjudaginn 19. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða almenna launahækkun til þeirra sem undir kjararáð heyra samkvæmt lögum nr. 47/2006 um kjararáð

I.

Um næstu áramót munu laun samkvæmt kjarasamningum yfirleitt hækka um 2,9%. Þetta á bæði við um starfsmenn hins opinbera og á almenna markaðinum. Sum félög hafa þó samið um 3,0 til 3,15% hækkun.

Í 8. grein laga nr. 47/2006 um kjararáð segir að við úrlausn mála skuli kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. grein skuli kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. grein hins vegar. Kjararáð skuli ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Kjararáð hefur kannað þróun launa á árinu 2006. Lágmarkshækkun samkvæmt kjarasamningum var 5,5% en af launavísitölum Hagstofu Íslands sést að laun að meðaltali hafa hækkað mun meira, bæði vegna kjarasamninga og launaskriðs. Síðasta birta launavísitala er fyrir október og hafði hún þá hækkað um 11% næstu tólf mánuði á undan. Á sama tíma hækkuðu laun embættismanna og þjóðkjörinna fulltrúa sem heyra undir kjararáð um tæplega 5,6%, það er um 2,5% 1. janúar og um 3% 1. júlí samkvæmt úrskurði kjararáðs hinn 4. október sl. Er þá ekki tekið tillit til ákvörðunar Kjaradóms í desember 2005 sem felld var úr gildi með lögum nr. 2/2006. Frá desember 2005 til september 2006 hækkaði launavísitala um 9,1%.

Samkvæmt 10. grein laga um kjararáð skal ráðið taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeim sem úrskurðarvald þess tekur til. Eins og rakið hefur verið hér á undan hafa orðið verulegar breytingar á launum í þjóðfélaginu og er því tilefni nú til endurskoðunar á launum. Rétt er að hafa í huga að þau viðmið sem kjararáði er skylt að gæta fara ekki öll með sama hraða á sama tíma. Getur kjararáði því verið nauðsyn að fara bil tveggja eða fleiri viðmiða í hverjum einstökum almennum úrskurði sínum. Ákvarðanir kjararáðs sem leiða af hækkunum sem ekki verða beint lesnar úr kjarasamningum, svo sem hækkanir um launaflokka og launaskrið af öðrum ástæðum, koma ætíð eftirá og stafa af breytingum sem þegar hafa verið gerðar annars staðar. Öðru máli gegnir um almennar umsamdar áfangahækkanir. Slíkar hækkanir geta orðið á sama tíma og hjá öðrum launþegum. Af þessum sökum og vegna þess hve launahækkanir hafa verið miklar að undanfögnu er það niðurstaða kjararáðs að nauðsynlegt sé að launahækkun til þeirra sem undir ráðið heyra verði skipt í tvennt; annars vegar til þess að taka mið af þeim launabreytingum sem orðið hafa á vinnumarkaði fram til septembermánaðar 2006, umfram þá hækkun sem fólst í úrskurði

kjararáðs 4. október sl., og hins vegar vegna almennrar launahækkunar sem samið hefur verið um 1. janúar 2007.

Með hliðsjón af framangreindu ákveður kjararáð að laun skuli hækka eins og í ákvörðunarorði segir.

II.

Ákvörðunarorð

Laun þeirra sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til skulu hækka um 3,6% 1. október 2006. Hinn 1. janúar 2007 skulu þau laun hækka um 2,9%.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Svanhildur Kaaber